


Birtir til í ríkisfjármálum á fyrsta ársfjórðungi

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs á fyrsta ársfjórðungi liggur nú fyrir og gefur það mynd af afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda, eða á greiðslugrunni. Að þessu sinni berast jákvæð tíðindi frá Arnarhvoli sérstaklega hvað varðar tekjur ríkissjóðs það sem af er ári. Þvingst vegur sú staðreynd að arðgreiðslur eru verulega umfram forsendur fjárlaga og má rekja það til tæplega 20 ma.kr. arðs frá Landsbanka Íslands hf. sem greiddur var út undir lok fjórðungsins, en frávikið frá fjárlögum nemur um 13,3 ma.kr. Arðgreiðslurnar hafa legið fyrir um nokkurn tíma og má flokka sem óreglulegar tekjur og er því ánægjulegt að sjá að skatttekjur og tryggingagjöld fara einnig hækkandi en þau aukast um 10% milli ára og er það 6,5% yfir áætlun, sem eru umskipti frá því í fyrra. Ef fram heldur sem horfir geta skapast forsendur fyrir að hækka tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir yfirstandandi ár og eykur það líkur á myndarlegum afgangi í ríkisfjármálum á þessu ári¹. Þó verður að hafa í huga ýmsar breytingar útgjaldamegin sem hafa komið fram og getur því verið gagnlegt að taka saman breytingar á forsendum fjárlaga það sem af er ári og skoða hvert stefnir þegar allt er lagt saman.

Hvert stefnir ef allt er lagt saman?

Hér er sett upp einföld sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að innheimtar tekjur ríkissjóðs haldi áfram að vaxa í takt við það sem kemur fram í greiðsluuppgjörinu á fyrsta ársfjórðungi. Við erum þó varfærin á tekjuskattinn þar sem reynslan sýnir að frávik líkt og á fyrstu mánuðum ársins fara dvínandi þegar líður á árið og áætlum við því að tekjuskatturinn verði nokkuð í takt við áætlun. Mat greiningardeildarinnar er að samtals gætu tekjur ríkissjóðs numið um 20 mö.kr. umfram forsendur fjárlaga. Þar af skýra arðgreiðslur fjármálafyrirtækja um 13,3 ma.kr. en aðrir tekjupóstar um 7 ma.kr. Þetta er nokkuð varfærið mat enda einungis tilgáta um hvert stefnir miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar og gæti tekjuáætlunin hækkað nokkuð meira en hér er gert ráð fyrir. Einnig er ljóst að útgjöld geta farið verulega framúr áætlunum en skort hefur aga í ríkisfjármálum í gegnum tíðina. Þó eru merki um [meira aðhald við gerð fjárlagaráðgjafna síðastliðin ár](#) þar sem haldið er meira aftur af útgjaldavexti við gerð fjárlagaráðgjafna en áður tíðkaðist. Þegar allt er tekið saman gæti myndast afgangur sem nemur á annan tug ma.kr. á þessu ári líkt og sést á myndinni hér að neðan.




Heimild: Fjármála- og efnahagsráðuneytið

¹ Hér er gert ráð fyrir að þær breytingar sem koma fram í greiðsluuppgjöri ríkissjóðs, þ.e. á greiðslugrunni, endurspeglar á sama hátt á rekstrargrunni. Að því gefnu má meta gróflega hvaða áhrif breytingarnar hafa á heildarjöfnuð ríkissjóðs á rekstrargrunni á yfirstandandi ári.

En hvaða forsendur hafa breyst frá því fjárlög voru samþykkt?

1. Seðlabankabréfið ekki lengur vaxtalaust og borgað inn á bréfið

Frá áramótum hafa komið fram tvær breytingar er varða Seðlabankann og hafa áhrif á fjárhag ríkissjóðs. Í fyrsta lagi var endursamið um skilmála skuldabréfsins sem gefið var út til styrkingar á eigin fé bankans. Skuldabréfið mun nú bera óverðtryggða vexti sem taka mið af innlánsvöxtum Seðlabankans (sem í dag eru 5%) og verður það með föstum afborgunarkjörum til 29 ára. Bréfið var upphaflega á gjalddaga 2014 en var tímabundið framlengt um eitt ár í fjárlögum 2014 og var þá gert ráð fyrir vaxtalausum bréfi. Áhrif á ríkisfjármálin felast því í umtalsverðri hækkun á vaxtagjöldum ríkissjóðs frá forsendum fjárlaga. Í annan stað kom fram fyrir skömmu frumvarp um breytingar á lögum um Seðlabankann og snúa breytingarnar að fjárhagslegum samskiptum bankans og ríkissjóðs. Í frumvarpinu er sett fram regla um greiðslu hagnaðar af rekstri bankans til ríkissjóðs og eru jafnframt sett fram skilgreind viðmið um mat á eiginfjárförf bankans. Áhrif á fjárhag ríkissjóðs felast í því að hægt verður að lækka stöðu innborgaðs eigin fjár bankans um 26 ma.kr. og verður þeim fjármunum ráðstafað í að lækka höfuðstól Seðlabankabréfsins. Engu að síður hækka vaxtagjöld ríkissjóðs um sem nemur 7 ma.kr. umfram forsendur fjárlaga 2014.



Heimildir: Lanamal ríkisins, Alþingi og mat greiningardeildar

2. Frumvarp um fiskveiðigjald og kjarasamningar framhaldsskólakennara

Lagt hefur verið fram frumvarp um breytingar á lögum um veiðigjöld sem hefur þau áhrif að tekjur ríkissjóðs af veiðigjöldum fyrir aflaheimildir verða 1 ma.kr. minni á árinu 2014 en áætlað er í gildandi fjárlögum. Einnig er gert ráð fyrir 1,8 ma.kr. minni tekjum á árinu 2015 en áður var áætlað eða samtals 2,8 ma.kr. á þessum tveimur árum. Greiningardeild lagði einnig mat á hver kostnaður ríkissjóðs kynni að verða af nýjum kjarasamningum við framhaldsskólakennara. Fjárframlög til framhaldsskóla í fjárlögum 2014 eru um 22 ma.kr. og miðað við að um 70% af þeim kostnaði sé launakostnaður má áætla að gangi allar breytingar á skólakerfinu eftir komi fram um 13,3% hækkun á þessu ári eða hækkun sem nemur rúmlega 2 mö.kr. Þó verður að áætla að við útfærslu á ýmsum breytingum í skólakerfinu verði reynt að hagræða og tryggja að ekki verði beinn kostnaðarauki af samningunum. Við áætlum því að beinn kostnaðarauki verði um 1 ma.kr. að því gefnu að einhver hagræðing komi fram á þessu ári en færa má þó rök fyrir því að hagræðingin komi í meira mæli fram á næsta ári.

Tækifæri til að leggja fram metnaðarfyllri áætlun í ríkisfjármálum

Þótt sviðsmyndin sem hér er teiknuð upp sé einungis tilgáta um hver þróunin gæti orðið í ríkisfjármálum á árinu, í milljörðum talið, er ljóst að greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrsta ársfjórðung gefur vísbendingu um jákvæða þróun í þeim málum. Þróunin er í raun framhald af þeim jákvæðu tölum sem komu fram við greiðsluuppgjörinu fyrir árið í fyrra en þar var afkoman tæpum 4 mö.kr. betri en fjár- og fjáráukalög gerðu ráð fyrir. Einnig mælti fjármála- og efnahagsráðherra í vikunni fyrir frumvarpi til laga um opinber fjármál með áherslu á strangar fjármálareglur um afkomu- og skuldaviðmið. Um er að ræða reglur sem lögbinda að heildarafkoma ríkissjóðs yfir fimm ára tímabil verði ávallt jákvæð og árlegur halli ávallt undir 2,5% af landsframleiðslu. Sömuleiðis er sett fram skuldapak sem tryggir að skuldir ríkisins, að frátöldum lífeyrisskuldabindingum og viðskiptaskuldum, fari ekki yfir 45% af landsframleiðslu hverju sinni. Gert er ráð fyrir metnaðarfullri niðurgreiðslu skulda eða sem nemur um 5% af landsframleiðslu á ári þegar skuldir eru yfir skuldapakinu.

Það er því líklegt, ef merki eru um aukið svigrúm í ríkisfjármálum á annað borð, að aðhaldi verði beitt við gerð fjárákálaga fyrir þetta ár og áhersla lögð á niðurgreiðslu á skuldum ríkisins. Einnig getur myndast tækifæri til að leggja fram metnaðarfullri áætlun í ríkisfjármálum en sú sem gefin var út með fjárlagafrumvarpinu 2014, en þar var einungis gert ráð fyrir 1-3 ma.kr. jákvæðum heildarjöfnuði á árunum 2014-2016. Að öllum líkindum verður á næstunni lögð fram þingsályktunartillaga um ríkisfjármálaáætlun til næstu 4 ára og kemur þá í ljós hvort undirliggjandi þróun í ríkisfjármálum gefi tilefni til að skila meiri afgangi næstu árin en gert hefur verið ráð fyrir, jafnvel sem nemur á annan tug ma.kr. Í ljósi þess að framleiðslulakinn getur farið hverfandi úr hagkerfinu í lok þessa árs skiptir það enn meira máli en ella að hið opinbera sýni aðhald og ýti undir þjóðhagslegan sparnað.

Greiningardeild Arion banka

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is
444-6981

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is
444-6910

Hafsteinn Hauksson
hafsteinn.hauksson@arionbanki.is
444-6993

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is
444-6959

Forstöðumaður

Regína Bjarnadóttir
regina.bjarnadottir@arionbanki.is
444-6969

[Hér má finna fyrirvara](#)